# *Nr. 085 / 13 Villi-Björn SH 148*

## *Olíulaus og dreginn til hafnar*



Villi-Björn©Fiskifréttir

*Skipaskr.nr.* 6753
*Smíðaður:* Vogar 1983, plast
*Stærð:* 7,89 brl. 8,54 bt.
*Mesta lengd:* 9,85 m *Skráð lengd:* 9,75 m
*Breidd:* 2,9 m *Dýpt:* 1,47 m
*Vél:* Volvo Penta 218 kW, 1988
*Fjöldi skipverja:* 1

***Gögn:***
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 11. júní 2013 var Villi-Björn SH 148 á strandveiðum djúpt á Flákanum á Breiðafjarðarmiðum. Veður: Hægviðri.

Á landleiðinni varð báturinn olíulaus og óskað skipstjóri eftir aðstoð. Það var björgunarskipið Björg sem kom með olíu sem dugði til siglingar til hafnar í Rifi.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að sögn skipstjóra hafði hann keyrt mikið í leit að lóðningum. Það eru tveir olíutankar aftast í bátnum og nemi olíubirgðamælis er aftast í þeim. Þegar hann siglir á fullri ferð reisir báturinn sig mikið (mikill stafnhalli) en það hafi villt honum sýn hversu mikil olía væri eftir í tönkunum. Skipstjóri sagðist nú vita betur hver birgðastaða sé við mismunandi stöðu mælisins.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.